



norden

# Menntun, sköpunarkraftur og frumkvæði á tímum hnattrænna breytinga

Formennskuáætlun Íslendinga  
í Norrænu ráðherranefndinni 2009  
á sviði vísinda, menningar og mennta



**Menntun, sköpunarkraftur og frumkvæði  
á tímum hnattæra breytinga**  
Formennskuáætlun Íslendinga  
í Norrænu ráðherranefndinni 2009  
á sviði vísinda, menningar og mennta

ANP 2008:753

© Nordisk Ministerråd, København 2008

ISBN 978-92-893-1773-3

**Umbrot og hönnun** Ágústa Ragnarsdóttir.

Prentun GuðjónÓ ehf.

Ljósmyndir Myndasafn Mbl.

Upplag 700.

Prentað á pappír sem uppfyllir strangar  
umhverfiskröfur og má merkja með  
*Svaninum*, norræna umhverfismerkinu.

Nánari upplýsingar um  
formennskuáætlunina eru á  
[www.norden2009.is](http://www.norden2009.is).







## Efnisyfirlit

Formáli.....	4
Vísindi og afl þekkingar .....	5
Menning og sköpunarkraftur .....	8
Menntun og hæfni .....	13



## Formáli

*Norrænn áttaviti* er yfirskrift formennskuáætlunar Íslendinga í norrænu samstarfi árið 2009. Í áætluninni er viðfangsefnum, sem blasa við Norðurlandabúum í hnattvæddum heimi, lýst nánar í fjórum undirköflum: *Norrænum aflvaka, Norrænum styrk, Svári við loftslagsvanda og Hnattvæddum Norðurlöndum.*

Styrkur norræns samstarfs felst m.a. í þeim sveigjanleika að vinna má þvert á fagsvið. Þess vegna hefur menntamálaráðuneytið ákveðið að leggja fram sameiginlega formennskuáætlun á sviði vísinda, menningar og mennta undir kjörorðinu *Menntun, sköpunarkraftur og frumkvæði á tímum hnattrænna breytinga.* Lögð er áhersla á að markmiðum okkar verður ekki náð nema í samstarfi ofangreindra þriggja fagsviða og annarra þvert á fagleg mörk.

Áherslur Íslendinga á sviði vísinda, menningar og mennta á formennskuárinu taka mið af yfirlýsingum forsætisráðherra Norðurlanda í Punkaharju 2007 og Riksgränsen 2008 um viðbrögð við hnattvæðingu og loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra á samkeppnishæfni og lífskjör á Norðurlöndunum. Í yfirlýsingum þeirra er lögð rík áhersla á hlutverk mannauðs, menntunar, vísindarannsókna og nýsköpunar til að bregðast við nýjum áskorunum í hnattvæddum heimi. Einnig er lögð áhersla á samstarf við atvinnulífið og þátttöku þess í norrænu samstarfi á þessu sviði.

Nú er unnið að undirbúningi að gerð áætlunar um þátt sjálfbærrar þróunar í norrænu samstarfi á árunum 2009–2012. Hún mun taka til fjölmargra sviða samstarfsins og er einnig lögð til grundvallar að formennskuáætlun Íslendinga á sviði vísinda, menningar og mennta og verður fylgt eftir með þverfaglegri samvinnu.

Hæfni Norðurlanda til aðlögunar, nýsköpunar og frumkvæðis til að mæta breytingum á sér skýrar menningarlegar rætur. Að auki gegnir þverfagleg samvinna og tengsl listsköpunar og menningar við atvinnulífið lykilhlutverki þegar fjallað er um norræna nýsköpun. Samkennd Norðurlanda og áratugareynsla í árangursríkri samvinnu byggist á sameiginlegum gildum og menningarlegum grunni sem mikilvægt er að hlúa að. Í ljósi þess munu Íslendingar leitast við að sameina áherslur sínar á sviði vísinda, menningar og mennta undir formerkjum menntunar, sköpunarkrafts og menningarlegrar hæfni til nýsköpunar og frumkvæðis. Þá munu Íslendingar fylgja eftir norrænni málstefnu og stuðla að átaki til að auka áhuga á menningar- og málskilningi milli landanna með það fyrir augum að auka samkennd milli þeirra.

Í starfi Norrænu ráðherranefndarinnar er lögð áhersla á samræmingu og samfellu. Íslendingar munu því á formennskuárinu hafa hliðsjón af þeim áherslum sem Svíar höfðu í formennskutíð sinni á árinu 2008 ásamt því að leggja fram eigin stefnu og hugmyndir að viðfangsefnum sem þarf að leysa.



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir  
menntamálaráðherra



## Vísindi og afl þekkingar

### Samstarf háskóla á Norðurlöndum

Á Norðurlöndum er ríkjandi svipuð stefna í menntamálum og víða unnið að endurskoðun á skipulagi og málefnum háskóla. Áhersla er lögð á að Norðurlönd verði í forystu í hinu hnattvædda þekkingarsamfélagi með því að bjóða háskólamenntun af mestu gæðum. Til þess þarf að auka sjálfstæði háskóla, sameina háskólastofnanir, styrkja rannsóknir, byggja upp nýsköpunarkerfi, ásamt því að láta mat á gæðum stýra að einhverju marki fjárframlögum til kennslu og rannsókna.

Sú hugsun er einnig ríkjandi að Norðurlönd kynni sig sameiginlega sem *alþjóðlega öflugt háskólasvæði* og kynni sérstöðu sína og styrk á ýmsum sviðum vísinda og tækni með það fyrir augum að laða að fólk frá öðrum heimshlutum. Mikilvægt er að norrænu ríkin vinni öll að því, hvert fyrir sig, að ýta undir aukið samstarf háskóla og háskólastofnana og annarra menntastofnana á háskólastigi með það að markmiði að styrkja kerfið í heild sinni. Þannig verði háskólarnir betur í stakk búnir til að taka þátt í samstarfi og samkeppni á hinum alþjóðlega menntamarkaði. Norðurlönd vinna nú í anda Bologna-yfirlýsingarinnar að samræmingu á aðferðafræði við viðurkenningu á háskólum og gæðaeftirlit með háskólanámi með það fyrir augum að gera gæðaeftirlitið gegnsætt og trúverðugt. Þá verður unnið áfram að gagnkvæmri viðurkenningu á háskólagráðum milli norrænu ríkjanna.

Norðurlöndin vilja setja hlutverk háskóla sem rannsóknastofnana í forgang og ýta undir frumkvæði háskólanna að nýsköpun og þekkingaryfirfærslu frá háskólum til atvinnulífs og samfélagsins alls. Hnattvæðing, loftslagsbreytingar og sjálfbær þróun verði ofarlega á lista í norrænni forgangsröðun. Áhersla verður lögð á samstarf háskóla og atvinnulífs. Athygli verður beint að samspili listmennta og annarra vísinda- og fræðasviða á háskólastigi og hlutverki listháskóla í því að ýta undir skapandi hugsun og móta menningu sem er móttækileg og hvetjandi fyrir sköpunargleði, nýsköpun og frumkvæði á öllum sviðum þjóðlífsins.

### VERK AÐ VINNA

- *Greining á sérkennum háskóla á Norðurlöndum*  
Gerð verður greining á sérkennum og faglegum styrk háskóla á Norðurlöndum. Háskólar og samstarfsnefndir í hverju landi þurfa að draga fram styrkleika sína og bera skal saman niðurstöður milli landa og finna samnefnara. Með þeim er m.a. lagður grunnur að alþjóðlegri kynningu á norrænum háskólum.
- *Þróun á háskólastiginu og gæðamál*  
Ísland mun skipuleggja ráðstefnu um gæðamál á háskólastiginu haustið 2009. Markmiðið er að safna þekkingu og reynslu á háskólakerfum Norðurlanda, m.a. til að efla samstarf um framhaldsmenntun og huga að því hvernig gera má Norðurlöndin samkeppnishæfari sem svæði menntunar og vísinda í alþjóðlegu samhengi. Úttekt á árangri af norrænu meistaraáætluninni verður grundvöllur umræðna, en hún verður lögð fram haustið 2008 undir forystu Svía.

- *Norræna meistaranámsáætlunin og norræn öndvegissetur*  
Íslendingar munu fylgja eftir áherslum Svía og leita áfram leiða til að tengja betur norrænu meistaranámsáætlunina við norræn öndvegissetur svo að auka megi slagkraft norræna háskólageirans.
- *Nýsköpunarmennt og frumkvöðlastarf*  
Haldin verður ráðstefna um nýsköpunarmennt og frumkvöðlastarf sem hluta af háskólanámi og þjálfun vísinda- og tæknimanna. Meðal þess sem þarf að takast á við er stefna háskólanna um hugverkaréttindi og einkaleyfi og aðferðir í stuðningi þeirra við nýsköpun.
- *Samspil listmennta og vísinda*  
Haustið 2009 verður haldin ráðstefna um samspil listmennta og annarra vísinda- og fræðasviða á háskólastigi og hlutverk listaháskóla í því að ýta undir skapandi hugsun og móta menningu sem er móttækileg og hvetjandi fyrir sköpunargleði, nýsköpun og frumkvæði á öllum sviðum þjóðlífsins.

## Norræna rannsóknna- og nýsköpunarsvæðið

Efla þarf samstarf norrænna stofnana á sviði mennta, rannsókna og nýsköpunar (NordForsk, NICE og NEF) og styrkja tengsl milli þeirra svo og tengsl þeirra við systurstofnanir í löndunum. Hugmyndin um *Norðurlöndin sem framúrskarandi öflugt, aðlaðandi og samtengt svæði til vísindarannsóknna og nýsköpunar* undir formerki NORIA, þ.e. norræna rannsóknna- og nýsköpunarsvæðisins, er nú ofarlega á baugi. Skoða þarf tengslin milli stuðningskerfa fyrir rannsóknir og nýsköpun í hverju landi og á Norðurlöndum í heild sinni. Það kallar á náið samspil háskóla, vísindastofnana og atvinnulífs með virkum stuðningi stjórnvalda.

Norrænu öndvegisrannsóknnaáætluninni verður hleypt af stokkunum í febrúar 2009 og kallar á sömu tengingar og grunnhugsun og í NORIA, en áætlunin beinist að verkefnum á sviði orku-, umhverfis- og loftslagsmála. Í henni verður leitast við að tengja saman grunnrannsóknir og nýsköpun í atvinnulífi.

### VERK AÐ VINNA

- Fyrsti hluti norrænnar áætlunar um öndvegisrannsóknir verður kynntur opinberlega á fundi norrænu forsætisráðherranna á Íslandi í lok febrúar 2009. Hann mun beinast að sérhæfðum verkefnum á sviði orku-, umhverfis- og loftslagsmála.
- Hafinn verður undirbúningur að því að víkka út áætlunina um norrænar öndvegisrannsóknir svo hún nái til rannsókna og nýsköpunar á sviði heilbrigðis- og velferðarmála. Unnið verður að verkefninu í samráði við samstarfsnefndir heilbrigðisráðherranna og félagsmálaráðherranna svo og iðnaðarráðherranna með aðstoð NordForsk, NICE og stofnana í hverju landi fyrir sig sem styrkja rannsóknir á þessum sviðum.
- Stefnt verður að þverfaglegu samstarfi til að hrinda í framkvæmd sýninni um norrænt rannsóknna- og nýsköpunarsvæði (NORIA). Ísland mun beita sér fyrir auknu samstarfi í starfsemi NordForsk, NICE, NEF og annarra samstarfsstofnana. Haldin verður ráðstefna um leiðir til að efla samstarf þeirra við heimastofnanir í löndunum og um leiðir til að opna rannsóknnaáætlanir einstakra landa fyrir vísindafólki í öðrum norrænum löndum.
- Unnið verður að því að efla svæðisbundið samstarf og samráð um þátttöku Norðurlanda í rammaáætlunum ESB innan evrópska rannsóknasvæðisins (ERA). Niðurstöður þeirrar vinnu ásamt norrænu áætluninni um öndvegisrannsóknna á sviði orku-, umhverfis- og loftslagsmála verða kynntar fyrir framkvæmdastjórn ESB haustið 2009.



## Menning og sköpunarkraftur

### Tengsl menningar við nýsköpun og frumkvæði

Sköpunarmáttur, frumkvæði og nýsköpun eru lykilhugtök og frumgildi í menningu. Mikilvægi lista og menningarstarfsemi fyrir sjálfsmynd þjóða er ótvírætt svo og þáttur hennar í framleiðslu menningarafurða fyrir alþjóðlegan markað. Menningariðnaður sem samþættir tækni og skapandi listir, iðnað og markaðsvæðingu er orðinn að mikilvægri atvinnugrein og framleiðslan er alþjóðleg söluvara. Íslendingar munu leggja áherslu á þverfagleg verkefni sem snúast um skapandi tengsl menningar, vísindarannsóknna og nýsköpunar sem mikilvægs þáttar í viðbrögðum við hnattvæðingu, aukinni samkeppni og þörf fyrir aðlögun. Þess má minnast að *Norræna tölvuleikjaáætlunin*, sem varð til að frumkvæði menningarráðherranna og hleypti heimdraganum sem menningarverkefni, er nú verðugt atvinnutengt verkefni og ætti að halda áfram sem slíkt. Á grundvelli þess hefur skapast sameiginlegur vettvangur þeirra sem koma að tölvuleikjagerð sem hafa gert sér grein fyrir möguleikum og styrk norræns samstarfs á þessu sviði. Verkefnið *Ný norræn matvæli*, sem hófst í formennskutíð Norðmanna 2006, hefur einnig vakið athygli á heimsvísu og mun Ísland fylgja því eftir og sömuleiðis áherslum Svía á nýsköpun.

Gera þarf fjölbætt norrænt menningarsamstarf sýnilegra og virkara á alþjóðavísu. Norðurlönd munu ekki hafa sameiginlegan skála á heimssýningunni í Sjanghaí á árinu 2010 en gætu staðið saman að sýningu á norrænni hönnun og byggingarlist á heimssýningunni.

Íslendingar hafa áhuga á að efna til norræns samstarfs um leiðir til að efla skapandi hugsun, nýsköpunar- og frumkvöðlamenningu í skólakerfunum og byggja inn í stofnanakerfi hins opinbera. Stefnt er að þverfaglegu samstarfi um verkefni sem lúta að skapandi samspili menningar og þróunar einstakra atvinnusviða.

#### VERK AÐ VINNA

- Stefnt verður að því að halda sameiginlega norræna sýningu í tengslum við heimssýninguna EXPO í Sjanghaí 2010 með áherslu á hönnun og byggingarlist. Unnið verður að undirbúningi hennar.
- Lögð verður áhersla á norræna matarmenningu og matargerðarlist í tengslum við verkefnið *Ný norræn matvæli* í samstarfi við ráðuneyti sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar.
- Ísland mun stjórna sameiginlegri dagskrá Norðurlanda í tengslum við verkefnið *Evrópskt ár skapandi hugsunar og nýsköpunar 2009* með áherslu á ungt fólk.







## Menning án landamæra

Það er styrkur fyrir lýðræðið að gera sem flestum kleift að njóta menningar og lista, að taka þátt í listsköpun og sýna sköpunargleði. Íslendingar munu beina sjónum að þeim hópum sem alla jafna hafa ekki greiðan aðgang að listum og menningu eða þátttöku í listsköpun. Hafðar verða til hliðsjónar grunnreglur Sameinuðu þjóðanna um þátttöku fatlaðra til jafns við aðra sem samþykktar voru af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 20. desember 1993. Í reglu 10 er lögð áhersla á sköpunarþátt menningarstarfs og að tryggja beri að fatlaðir fái tækifæri til að styrkja sjálfsvitund sína og nýta sköpunargáfu sem og listræna og vitsmunalega hæfileika sína, ekki aðeins í eigin þágu heldur einnig í þágu samfélagsins. Auka þarf sýnileika þeirrar menningarstarfsemi og listsköpunar sem fer fram meðal fatlaðra og vekja athygli á henni.

Stefnt er að því að skapa samfélagslegar og efnahagslegar aðstæður sem tryggi og efla lýðheilsu allra íbúa á Norðurlöndum. Mikilvægt er að fólk geti lifað heilbrigðu lífi og tekið réttar ákvarðanir um heilbrigði og heilsu. Oft þarf að nota óbeinar aðferðir til að árangur náist í að efla lýðheilsu. Listir og menning geta stuðlað að því að ná mikilvægum markmiðum í lýðheilsumálum, hvatt til heilsuræktar og stuðlað að forvarnaraðgerðum, t.d. í þágu fatlaðra. Menningin verður að vera aðgengileg sem flestum og *menning fyrir alla* er því mikilvægt sjónarmið. Stefnt er að því að vinna að þverfaglegum heilsuræktar- og forvarnarverkefnum á þessu sviði undir yfirskriftinni *Heilsa og menning* í samstarfi við heilbrigðisgeirann.

### VERK AÐ VINNA

- Íslendingar munu beita sér fyrir því að hugmyndin að baki lista- og menningarhátíðinni *List án landamæra* verði kynnt annars staðar á Norðurlöndum og þróuð miðað við aðstæður á hverjum stað. Til að stuðla að þessu verður listahátíðin á Íslandi árið 2009 með norrænu ívafi.
- Stefnt er að því að styrkja ljósmyndasýninguna *Undrabörn*, um hlutskipti fatlaðra barna, til að fara í sýningarferð um Norðurlöndin.
- Haldin verður ráðstefna um tungumál lítilla málsvæða og táknmál í samstarfi við norræna menntasviðið. Þar verður m.a. fjallað um norræn tungumál á tímum alþjóðavæðingar, mikilvægi orðabóka og þess að þýða hugtök og heiti.
- Haldið verður Norðurlandamót í skólahreysti. Tilgangur verkefnisins er að efla áhuga barna og ungmenna á heilsutengdri þjálfun m.a til að vinna gegn vaxandi offitu. Stefnt er að því að kynna hugmyndafræðina að baki verkefninu á hinum norrænu löndunum.

## Ungt fólk á Norðurlöndum

Menntamálaráðuneytið hefur þrívægis frá árinu 2000 látið gera samanburðarkannanir á viðhorfum framhaldsskólanema til menntunar, menningar, tómstunda og íþróttaiðkana og leitað eftir framtíðarsýn þeirra. Þessar kannanir veita áhugaverða innsýn í hugarheim, heilsuhegðun og lífsstíl ungs fólks á tímum hraðfara breytinga sem rekja má til þjóðfélagsbreytinga og aukinnar hnattvæðingar. Túlkun upplýsinga úr þessum könnunum hafa gildi fyrir stefnumótun hins opinbera, m.a. á sviði menntunar, menningar, æskulýðsmála og lýðheilsu og hefur því víðtækt gildi þvert á áhugasvið ráðuneyta. Íslendingar munu hafa forgöngu um norrænt þverfaglegt samstarf á þessu sviði með samanburðarkannanir í huga

Leitað verður leiða til að efla áhuga barna og unglinga á menningu og tungumálum annarra norrænna landa og ýta undir samnorrænan málskilning í menningarsamskiptum milli landanna í tengslum við áttak menntamálaráðherranna á því sviði.

### **VERK AÐ VINNA**

- Undir forystu Íslands verður haft samstarf um samanburðarkannanir á viðhorfum norrænna ungmenna til íþróttar-, félags- og tómstundastarfa, menntunar og væntingar til framtíðar.
- Sjónum verður beint að norrænu samstarfi á sviði íþróttar og hvernig Norræna ráðherranefndin getur stuðlað að því.
- Stefnt er að því að halda málþing um stöðu barnamenningar á Norðurlöndum og listsköpun meðal barna.



## Fjölbreyttara menningarsamstarf

Norðurlönd hafa margra áratuga reynslu af því að vinna saman á sviði menningarmála, bæði innan Norðurlanda en einnig á alþjóðavísu. Tengja þarf norrænt samstarf alþjóðasamningum UNESCO um menningarlega fjölbreytni, heimsminjar og menningararfðir. Öflugt norrænt samstarf er þegar fyrir hendi á sviði menningararfs, m.a. milli fagstofnana og ráðuneyta. Hyggja þarf að samstarfi norrænu ríkjanna í tengslum við heimsminjasamning UNESCO og Norrænu heimsminjastofnunina í Ósló og setu Svía í heimsminjanefnd UNESCO.

Á formennskuári sínu munu Íslendingar beina sjónum að nýju skipulagi norræna menningarsamstarfsins og m.a. beita sér fyrir endurskoðun á stöðu Sama innan þess. Meðal þess sem ákveðið var við nýlega endurskipulagningu menningarsamstarfsins var að gerð skyldi framkvæmda-áætlun menningarmálaráðherranna til þriggja ára en sú fyrsta rennur út árið 2009. Undir forystu Íslands verður unnið að gerð nýrrar framkvæmda-áætlunar fyrir menningarsamstarfið 2010-2012.

### **VERK AÐ VINNA**

- Sjónum verður beint að möguleikum á sameiginlegum norrænum menningarkynningum utan Norðurlanda en þær voru öflugur þáttur í menningarsamstarfinu áður en það var endurskipulagt.
- Unnið verður að norrænu samstarfi um eftirfylgni ríkjanna á samningi UNESCO um menningarlega fjölbreytni og kannað hvort hægt sé að koma á fót sameiginlegum verkefnum í tengslum við samninginn.
- Íslendingar ætla að hafa forystu um að víkingaminjar verði tilnefndar á heimsminjaskrá UNESCO.
- Haldin verður ráðstefna þar sem sjónum verður beint að menningartengslum Norðurlanda og bresku eyjanna, sérstaklega eyja undan Skotlandsströndum.





## Menntun og hæfni

Ef einstaklingur á að vera fær um að lifa og starfa í lýðræðisþjóðfélagi nútímans, sem tekur örur breytingum, þarf hann að hafa tækifæri til og vera fær um að mennta sig alla ævi. Nám alla ævi snýst um að horft er á menntakerfið sem eina heild frá leikskóla til háskóla, til framhalds- eða fullorðinsfræðslu og til óformlegrar menntunar sem fer fram utan skólakerfisins, þeirrar hæfni og færni sem einstaklingurinn tileinkar sér í lífi og starfi. Lítið er á þekkingu, kunnáttu og færni ekki einungis út frá forsendum skólakerfisins heldur einnig út frá forsendum atvinnulífsins og einstaklingsbundinna óska. Svar menntakerfisins við miklum breytingum á okkar þjóðfélagsháttum er að bjóða fólki tækifæri og val um menntun alla ævi.

Á alþjóðavettvangi hefur átt sér stað mikil umræða um hvað skiptir mestu í menntun einstaklinga. UNESCO, Evrópusambandið, Efnahags- og framfarastofnunin ásamt fleiri alþjóðlegum stofnunum hafa fjallað um þá lykilhæfni sem einstaklingar þurfa að búa yfir til að vera virkir þátttakendur í atvinnulífi og lýðræðisþjóðfélagi nútímans. Í ríkari mæli en oft áður er nú lögð áhersla á þætti er lúta að þroska einstaklings og þátttöku hans í samfélaginu. Þar má nefna borgaravitund, tjáningu, samskiptahæfni, menningarläsi, frumkvæði og nýsköpun. Þetta, ásamt því að geta tjáð sig á móturmáli sínu eða á erlendu tungumáli, búa yfir stærðfræðiþekkingu ásamt kunnáttu í vísindum og tækni, er sú hæfni sem allir þurfa að tileinka sér að einhverju marki. Finna þarf jafnvægi milli þessara lykilþátta og leiðir til að efla þá í menntakerfinu.

Íslendingar munu hafa þessi viðhorf að leiðarljósi á formennskuári sínu.

### Menntun til sjálfbærrar þróunar

Áratugurinn 2005–2014 er áratugur menntunar til sjálfbærrar þróunar hjá Sameinuðu þjóðunum og unnið er að gerð áætlunar um þátt sjálfbærrar þróunar í norrænu samstarfi á árunum 2009–2012. Ríkisstjórn Íslands hefur skilgreint stefnu í sjálfbærri þróun og menntun í ritinu *Velferð til framtíðar*. Efla þarf vitund um mikilvægi sjálfbærrar þróunar í öllu námi og þjálfun ungmenna í þeirri von að það geti breytt hegðun fólks þannig að samfélögin verði sjálfbærari og réttlátari fyrir alla. Íslendingar munu halda áfram með áherslur Svía í tengslum við þetta þema.

#### VERK AÐ VINNA

- Í tengslum við loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem haldin verður í Kaupmannahöfn haustið 2009, munu Norðurlönd kynna sameiginlegar aðgerðir um menntun til sjálfbærrar þróunar með áherslu á loftslagsmál. Tekið verður saman yfirlit um hvernig löndin taka á þessum þáttum í menntakerfinu og hvernig vitundarvakning fer fram innan skólakerfisins. Í framhaldi verður unnið að samnorrænum áherslum innan málaflokksins.



## Listmenntun, skapandi greinar og nýsköpun

Menning og listir eru grunnþættir í alhliða menntun sem leitast við að efla og þroska einstaklinginn eins og frekast er unnt. Þetta kemur m.a. fram í vegvísni til listfræðslu sem UNESCO gaf út eftir heimsráðstefnu sína um listfræðslu í Lissabon 2006. Vegvísirinn byggist á samþykktum ráðstefnunnar og leitast við að kanna þau tækifæri sem felast í listfræðslu til að mæta hugmyndum og kröfum um mikilvægi sköpunar og menningar á 21. öldinni. Fram kemur að samfélög 21. aldarinnar þarfnast í vaxandi mæli vinnuafli sem er skapandi, sveigjanlegt, hefur aðlögunarhæfni og er úrræðagott. Listfræðsla þroskar þessa eiginleika með nemendum, gefur þeim tækifæri til að tjá sig, meta umhverfið á gagnrýnninn hátt og takast á við hin ýmsu svið mannlegrar tilveru. Listmenntun getur líka tengst nýsköpunar- og frumkvöðlamennt. Um það atriði er fjallað í samstarfi á sviði vísinda og háskóla.

### VERK AÐ VINNA

- Íslendingar munu beita sér fyrir því að gert verði yfirlit um hlutverk listmenntunar í norrænum skólakerfum þar sem bæði verði skoðuð staða lista í almennri menntun og menntun í listgreinum. Slík kortlagning gæti orðið mikilvæg undirstaða umbóta á námskrám og skólustarfi á öllum skólastigum. Yfirlitið yrði gert í tengslum við hugmyndafræði sem sett hefur verið fram á vegum UNESCO undir formerkjum verkefnis sem ber nafnið *The Cultural Greenhouse (Gróðurhús menningarinnar)* og miðar að þróun gæða í listkennslu fyrir alla, í starfsemi tónlistar- og listaskóla sem og í menntakerfinu í heild.

## Fullorðinsfræðsla og menntun nýbúa

Á síðustu árum hefur innflytjendum á Norðurlöndum fjölgað. Fjölgun þeirra fylgja bæði ný tækifæri og ný verkefni. Mikilvægt er að þannig sé tekið á móti þeim að þeir eigi auðvelt með að aðlagast tungu og menningu nýja landsins fljótt og vel og að þeir fái notið menntunar sinnar og verklegrar færni og um leið aukið lífsgæði sín.

### VERK AÐ VINNA

- Árið 2009 munu Íslendingar halda norrænt málþing um menntun innflytjenda og samfélagslega aðlögun þeirra. Þar verður fjallað um tungumálakennslu, almennt nám og fagnám og viðurkenningu á menntun og hæfni fólks sem sest að á Norðurlöndunum.



## Heildstæð símenntunarstefna

Norðurlönd hafa skipað sér í fremstu röð við innleiðingu heildstæðrar símenntunarstefnu. Áhersla er lögð á það viðhorf til náms að menntun er æviverk. Mikilvægt er að námsframboð sé fjölbreytt, skil milli skólastiga sveigjanleg, leiðir í námi greiðar og fullorðnir einstaklingar, sem hætt hafa námi án þess að ljúka formlegu framhaldsskólaprófi, eigi auðvelt með að hefja nám að nýju.

### VERK AÐ VINNA

- Íslendingar munu fylgja eftir skýrslunni *Från skola till arbetsliv* með sérstakri áherslu á að fjölga þeim sem ljúka formlegu námi á framhaldsskólastigi.
- Hluti verkefnisins verður unninn í tengslum við hnattvæðingarverkefnið *En god opplæring for ungdom og voksne*. Markmið verkefnisins er að hvetja ungt fólk til að ljúka menntun eftir grunnskóla. Innan verkefnisins verða haldnar náms- og ráðstefnur þar sem markmiðið er að efla samskipti um reynslu og hugmyndir og vekja athygli á viðfangsefnum sem til umræðu eru.
- Íslendingar munu halda norræna ráðstefnu, hugsanlega með þátttöku Evrópusambandsins eða OECD, þar sem fjallað verður um viðmið fyrir lokapróf (qualification framework) og tengsl þeirra við símenntunarstefnu.

## Málefni leikskólans

Leikskólinn gegnir æ mikilvægara hlutverki í því að búa einstaklinga undir líf í samfélagi sem einkennist af hröðum breytingum. Þar er lagður grundvöllur að skólagöngu flestra barna á Norðurlöndum. Leikskólinn hefur hins vegar ólíka stjórnskipunarstöðu í einstökum löndum.

### VERK AÐ VINNA

- Haldin verður norræn ráðstefna á Íslandi um leikskólann sem fyrsta skólastigið.





## Stafræn upplýsingatækni í skólastarfi

Stafræn upplýsingatækni þróaðist ekki upphaflega með þarfir og aðferðir menntakerfisins í huga heldur frekar á sviði fjármála og stjórnunar. Menn hafa þó í nær 20 ár verið að prófa sig áfram með notkun stafrænnar upplýsingatækni á ýmsum sviðum menntakerfisins. Norðurlöndin hafa verið í fremstu víglínu á því sviði, einkum á sviði miðlægra vefþjóna, þróunar kennsluaðferða og uppbyggingar fjarkennslu. Einnig hefur farið fram á norrænum vettvangi mikilvægt samstarf um gerð stafræns námsefnis. Miðstöð um rannsóknir og nýsköpun í kennslu (Center for Educational Research and Innovation - CERI), undirstofnun OECD, vinnur nú að viðamikilli könnun á notkun stafræns námsefnis í menntakerfinu. Í því skyni var á árinu 2008 gerð forkönnun í norrænu löndunum fimm. Frumniðurstöður þeirrar könnunar verða birtar í upphafi árs 2009. Þær verða nýttar í áframhaldandi vinnu hjá OECD en þáttökulöndin fimm geta einnig nýtt niðurstöðurnar strax til áframhaldandi samstarfs.

### VERK AÐ VINNA

- Efnt verður til fundar um samstarf á norrænum vettvangi um gerð stafræns námsefnis og kosti nýtingar upplýsingatækni í kennslu og námi.

## Jafnréttisfræðsla í skólum

Unnið er að jafnréttisfræðslu í skólum víða á Norðurlöndum. Á Íslandi vinnur menntamálaráðuneytið með félags- og tryggingamálaráðuneytinu að slíku verkefni og stefna ráðuneytin að því í sameiningu að halda norræna ráðstefnu haustið 2009 þar sem niðurstöður verkefnisins verða kynntar og fjallað um bestu lausnir í jafnréttisfræðslu. Nánari umfjöllun um verkefnið má finna í áherslum félags- og tryggingamálaráðuneytisins.

## Norræn tungumál

Í norrænu samstarfi hefur verið lögð rík áhersla á að fylgja eftir norrænni tungumálastefnu sem annars vegar felur í sér aðgerðir til að efla þekkingu og færni í norrænu málunum og hins vegar að styðja við samstarf málnefnda landanna sem fjalla um stöðu tungumálanna og þróun tungutækni. Ísland mun beita sér í þessu efni með sérstakri áherslu á stöðu tákna málsins.

Ákveðið hefur verið að fela Norrænu skólasamstarfsnefndinni framkvæmd á stefnu menntamálaráðherranna um að efla þekkingu og færni fólks í norrænu tungumálunum en norrænt samstarf á öllum sviðum byggist á þessu. Stefnt er einnig að því að efna til átaks í þessu efni með samstarfi við menningarmálaráðherranna til að efla gagnkvæman áhuga á menningu landanna og þar með tungumálum og ýta undir getu þegnanna til að tala saman á einhverju hinna þriggja skandinavísku mála.

### VERK AÐ VINNA

- Íslendingar munu hafa forgöngu um átak til að efla gagnkvæman menningarlegan áhuga norræns skólafólks og þekkingu á tungumálum Norðurlanda, sérstaklega þeim sem nýtast best til samskipta milli Norðurlandabúa.
- Íslendingar munu beita sér fyrir því að samvinna verði milli ráðherra-nefnda norrænu menntamálaráðherranna og menningarmálaráðherranna um þetta viðfangsefni.









norden

### Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðasamstarf í heiminum. Samstarfið byggir á landfræðilegri legu, sameiginlegri sögu og menningu og nær til Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar auk sjálfstjórnarsvæðanna Færeyja, Grænlands og Álandseyja.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og skiptir miklu í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Í norrænu samstarfi er unnið að því að styrkja stöðu Norðurlandanna í sterkri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er unnið að því að efla norræna og svæðisbundna hagsmuni í alþjóðlegu umhverfi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlandanna og skípa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

### Norræna ráðherranefndin

Store Strandstræde 18  
DK-1255 Kaupmannahöfn K  
Sími (+45) 3396 0200  
Bréfasími (+45) 3396 0202  
[www.norden.org](http://www.norden.org)

### Útgefandi:

Menntamálaráðuneytið  
Sölvhólgötu 4  
150 Reykjavík  
Sími 545 9500  
Bréfasími 562 3068  
[postur@mrn.stjr.is](mailto:postur@mrn.stjr.is)  
[www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is)



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

